

4.fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn fimmtudaginn 19.mars 2026. Vegna óveðurs og ófærðar var fundurinn haldinn í fjarfundi.

Mætt eru Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Sólveig Rögnvaldsdóttir Melum 2 og Eva Sigurbjörnsdóttir. Bjarnheiður Fossdal Melum 1 var forfölluð og ekki vannst tími til að kalla til varamann.

Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins.

1. Lánasamningur milli Lánasjóðs sveitarfélaga, Sorpsamlags Strandasýslu ehf og ábyrgðaraðila Strandabyggðar, Kaldrananeshrepps og Árneshrepps.

Hreppsnefnd Árneshrepps fór ítarlega yfir samninginn, lánsfjárhæð, samningstíma og öll önnur atriði sem máli skipta og komst að eftirfarandi niðurstöðu;

Hreppsnefnd Árneshrepps samþykkir hér með á fundi sínum að veita einfalda ábyrgð á láni Sorpsamlags Strandasýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2.mgr. 68.gr. og 1.mgr. 69.gr. sveitarstjórnarlaga nr.138/2011. Ábyrgðin nær til láns að höfuðstól allt að kr. 9.000.000,- með lokagjalddaga þann 4.desember 2033 í samræmi við skilmála að lánasamningi sem liggja fyrir á fundinum og sem hreppsnefnd hefur kynnt sér. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum. Samþykkið nær jafnframt til undirritunar lánasamnings og þess að sveitarfélagið taki á sig þær skyldur sem þar greinir.

Lánið er tekið til að endurfjármagna afborganir á eldri lánum félagsins hjá Lánasjóðnum. Um er að ræða verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3.gr. laga nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga.

Hreppsnefnd skuldbindur sveitarfélagið sem eiganda félagsins til að breyta ekki ákvæðum samþykpta félagsins sem kveða á um að félagið megi ekki, að neinu leyti, fara í eigu einkaaðila. Ef sveitarfélagið selur eignarhlut sinn til annarra opinberra aðila, skuldbindur sveitarfélagið sig til að tryggja að nýr eigandi yfirtaki ábyrgð á láninu í hlutfalli við eignarhlut sinn í félaginu.

Jafnframt er Evu Sigurbjörnsdóttur oddvita, kt. 240450-2089 veitt fullt og ótakmarkað umboð að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga f.h. Árneshrepps, sem og til að móttaka, undirrita, gefa út öll skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántökunni, þar á meðal beiðni um útborgun láns.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:45.